16
11. febr.

			Í peningum.		Hundrað á		Alin.
			kr.	aur.	kr	aur.	aur.
		F. Skinnavara.					
31.	1 c. 4 fjórðungar	nautskinns . . . 10 pund á	16	12	64	48	54
32.	— 6 ——	kýrskinns . . . . — — -	14	22	85	32	71
33.	— 6 ——	hrossskinns . . . — — -	11	96	71	76	60
34.	— 8 ——	sauðskinns, af tvævetrum og eldri . . . — — -	8	57	68	56	57
35.	— 12 ——	sauðskinns, af veturgömlum og ám . . — — -	6	27	75	24	63
36.	— 6 ——	selskinns . . . . — — -	10	46	62	76	52
37.	— 240	lambskinn (vorlamba), einlit . . hvert á	»	23	55	20	46
		G. Ýmislegt.					
38.	1 c. 6 pd.	af æðardún, vel hreinsuðum, . pundið á	17	15	102	90	86
39.	— 40 — —	— óhreinsuðum . . — -	»	»	»	»	»
40.	— 120 — —	fuglafiðri . . . . . 10 pund -	6	84	82	8	68
41.	— 480 — —	fjallagrösum . . . . — — -	2	25	108	»	90
42.	5 álnir 1	dagsverk um heyannir	2	77	66	48	55
43.	5 — 1	lambsfóður	5	7	121	68	101
	Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrtöldum landaurum verður:						
	Eptir A. eða í fríðu				111	52	93
	— *B.* — - *ullu, smjöri og tólg*				67	20	56
	— *C.* — - *ullar tóvöru*				81	85	68
	— *D.* — - *fiski*				77	74	65
	— *E.* — - *lýsi*				43	39	36
	— *F.* — - *skinnavöru*				69	5	58
	En meðalverð allra landaura samantalið				450	75	376
	og skipt með 6, sýnir:						
		meðalverð allra meðalverða			**75**	**13**	**63**

Reykjavík, 11. dag febrúarmán. 1885.

Magnús Stephensen settur. *P. Pjetursson.*

17
25. febr.

Auglýsing.

Þeim 10000 krónum, sem samkvæmt 10. gr. C. 4. í fjárlögunum á að úthluta til sýslunefnda og bæjarstjórna fyrir árið 1885, til eflingar búnaði, að hálfu eptir fólksfjölda og að hálfu eptir samanlagðri tölu jarðarhundraða og lausafjárhundraða, hefur nú verið skipt svo milli hinna einstöku sýslu- og bæjarfjelaga sem eptirfylgjandi tafla sýnir.

17
25. febr.

Sýslur og bæjarfjelög.	Lausafjárhundruð árið 1882	Fasteignarhundruð eptir jarðabókinni 1861	Manntal 1/10 1880	Upphæð kr.
1. Austur-Skaptafellssýsla	915,8	1013,5	1275	160
2. Vestur-Skaptafellssýsla	1852,0	2049,5	2229	300
3. Rangárvallasýsla	3313,8	7468.4	5360	780
4. Árnessýsla	3874,3	8606,8	6257	910
5. Vestmannaeyjasýsla	123,6	389,5	557	60
6. Kjósar- og Gullbringusýsla	1627,8	4821,5	5660	640
7. Reykjavíkur kaupstaður	238,3	355,5	2567	200
8. Borgarfjarðarsýsla	1156,2	3747,4	2598	370
9. Mýrasýsla	1295,0	3286,2	2328	340
10. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla . .	846,9	4261,7	3272	420
11. Dalasýsla	1319,5	3692,6	2357	350
12. Barðastrandarsýsla	816,5	3877,2	2857	380
13. Ísafjarðar kaupstaður	91,2	14,4	518	40
14. Ísafjarðarsýsla	1437,3	3768,7	5033	550
15. Strandasýsla	904,0	1554,2	1861	220
16. Húnavatnssýsla	4768,5	7209,4	5028	800
17. Skagafjarðarsýsla	4135,0	7667,9	4599	770
18. Akureyrar kaupstaður	66,0	12,3	545	40
19. Eyjafjarðarsýsla	3625,0	7901,0	4780	770
20. Suðurþingeyjarsýsla	2833,9	5191,6	3765	570
21. Norðurþingeyjarsýsla	1270,9	1840,8	1571	230
22. Norðurmúlasýsla	4214,5	4159,0	3825	580
23. Suðurmúlasýsla	3142,1	3866.0	3603	520
	43868,1	86755,1	72445	10000

Um leið og jeg kunngjöri þetta, skora jeg hjermeð á sýslunefndir þær og bæjarstjórnir, er hlut eiga að máli, að senda sem fyrst hlutaðeigandi amtmanni áleiðis til landshöfðingja tillögur sínar um, hversu verja skuli samkvæmt ákvæðum fjárlaganna upphæð þeirri, er hverju sýslu- eða bæjarfjelagi er ætluð, eptir því sem að framan er skráð, fyrir árið 1885. Þá er tillögurnar svo eru samþykktar, mun hver upphæð verða ávísuð til útborgunar úr landssjóði.

Reykjavík 25. febrúar 1885.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Bergur Thorberg.

Jón Jensson.

18
20. febr.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir suður- og vesturamtinu* **um skiptingu Akranesshrepps** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 12. þ. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, þarsem hann fyrir hönd sýslunefndarinnar í Borgarfjarðarsýslu og eptir ósk hreppsnefndarinnar í Akraneshreppi fer þess á leit, að hinum núverandi Akraneshreppi verði skipt í 2 hreppa, og hafið þjer mælt með því, að jeg samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar 4. maí 1872 skipi fyrir um hreppaskiptingu þessa á þann hátt, sem nákvæmar er tiltekinn í erindi sýslumannsins.